

Ed.

632. Nefndarátt

um frumvarp til laga um stefnubirtingar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta á nokkrum fundum og vill ráða deildinni til að samþykkja það með fáeinum breytingartillögum.

Er aðalbreytingin fólgin í því, að nefndin ræður til, að feld sjeu niður ákvæði frumvarpsins um upptöku mála sakir ónægrrar stefnubirtingar; sjer eigi að þeirra sje full þörf, þar sem ná má rjetti sinum fyrir æðra dómi.

Þá telur nefndin og rjett, að birting megi fara fram á skrifstofu manns eða vinnustofu, og loks þykir best fara á því, að ætið sje eftir skilið eftirrit af stefnunni.

Fyrir öðrum breytingum verður gerð grein í framsögunni.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 3. gr. a. Orðin »sje eigi — við starfann« falli niður.
 - b. Á undan orðunum »svo heill« komi:
sje.
2. — 5. gr. a. Í stað orðanna »nöfnum sínum og innsiglum« komi:
eiginhandar nöfnum sínum.
 - b. Í stað orðanna »stað- og dagsetja — undir nöfnin« komi:
staðsetja og dagsetja vottorðið og rita síðan nöfn sín undir það.

3. Við 6. gr. Orðin »á við« falli niður.
4. — 8. gr. a. Við 1. málsg. Á eftir orðinu »stefnds« í 1. málslið komi:
skrifstofu hans eða vinnustofu.
- b. Við 4. málsg. Í stað orðanna »ósjálfráðum«, »óþjarráðum« og »forráðamaður« komi:
ósjálfráða, óþjarráða, lögráðandi.
- c. Við 6. málsg. Á eftir orðinu »heimili« komi:
eða skrifstofu.
- d. Við 6. málsg. Við greinina bætist ný málsgrein:
Nú vill maður birta stefnu bæjarstjórn, sýslunefnd eða hreppsnefnd, og er þá rjett að birta hana formanni bæjarstjórnar, sýslunefndaroddvita eða hreppsnefndar.
5. — 9. gr. a. Við 1. málsg. Á eftir orðinu: »heimamönnum« komi:
hans eða starfsmönnum.
- b. Við 2. málsg. 1. málsliður orðist svo:
Nú er stefna birt, og skal þá afhenda þeim, sem birt er, eftirrit af stefnunni.
- c. Síðasti málsliður falli niður.
- d. Við 3. málsgrein. Í stað orðsins »tilsvarandi« komi:
samskonar.
6. Við 11. gr. a. Á eftir orðunum »að honum var stefnt« komi:
í aðalmáli eða aukamáli í sambandi við það.
- b. Endir greinarinnar, frá orðunum »enda er honum rjett«, falli niður.
7. 12.—16. gr. falli niður.
17. gr. verði 12. gr.

Alþingi, 25. ágúst 1917.

Magnús Torfason,
formaður og ritari.

H. Hafstein.

Kristinn Danielsson.